

UMHVERFISMARMIÐ

fyrir urðunarstað fyrir óvirkan úrgang í landi Höskuldsstaða í Dalabyggð

Inngangur

Í ákvæði 2.1 í starfsleyfi urðunarstaðar Dalabyggðar í landi Höskuldsstaða kemur fram að rekstraraðili skuli „setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim“. Í ákvæðinu koma einnig fram eftirtalin grundvallaratriði:

- Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.
- Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokað nema þegar starfsemi fer fram. Á urðunarstaðnum skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma upp um og sporna gegn ólöglegri losun á staðnum. Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.
- Verði vart við meindýr eða vargfugl skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfismarkmið

Í samræmi við ákvæði 2.1 í starfsleyfi hefur Dalabyggð sett sér eftirfarandi umhverfismarkmið fyrir urðunarstaðinn. Umhverfismarkmiðin verða endurskoðuð eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

1. Ásýnd

- 1.1 Ekkert laust rusl á urðunarsvæðinu
- 1.2 Girðingar fjárheldar og vel við haldið

2. Losun mengunarefna

- 2.1 Engin mengun frá urðunarstaðnum í grunnvatni eða yfirborðsvatni

3. Umhverfisstjórnun

- 3.1 Verkferlar til staðar vegna kvartana

4. Skráning og skýrslur

- 4.1 Magn og tegundir úrgangs skráð við móttöku
- 4.2 Grænt bókhald frágengið fyrir 1. febrúar næsta ár

Síðast uppfært 17. október 2024